

Ár 2021, laugardaginn 25. september klukkan 9:00 kom yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis saman til fundar í Verkmenntaskólanum á Akureyri þar sem yfirkjörstjórn mun hafa aðsetur til klukkan 22:00 þegar kjörfundi lýkur.

Mætt: Gestur Jónsson, Jón Erlendsson, Eva Dís Pálmadóttir, Hreiðar Eiríksson, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Áslaug Magnúsdóttir.

Talning atkvæða fer fram í Brekkuskóla við Skólastíg og hefst klukkan 22:00. Vinna við flokkun utankjörfundaratkvæða, uppröðun og fyrirkomulag talningar hefst klukkan 18:00.

1. Kjörfundur á Akureyri hófst klukkan 9:00 líkt og í öðrum stærri kjördeildum í kjördæminu. Á fáeinum stöðum hefst kjörfundur klukkan 10:00. Kjörfundur stendur til klukkan 22:00 á flestum stöðum en í minni sveitarfélögum er stefnt á að nota 8 tíma reglu 84. gr. laga nr. 24/2000 ef mögulegt er. Fundi fram haldið í Brekkuskóla kl. 22:00.

2. Kjörfundi lauk í Grímsey kl. 11:00 og kjörgögn þaðan voru flutt með báti til Dalvíkur þar sem yfirkjörstjórn Akureyrar tók á móti þeim.

3. Eftirtaldir umboðsmenn framboða voru viðstaddir undirbúning talningar sem og talningu atkvæða:

Friðrik Smáráson, Sjálfstæðisflokki,
Valdemar Karl Kristinsson, Sjálfstæðisflokki,
Hreinn Pálsson, Samfylkingu,
Orri Kristjánsson, Samfylkingu,
Ari Erlingur Arason, Viðreisn, skv. umboði,
Jóhann Ólafur Sveinbjarnarson, Sósíalístaflokknum, skv. umboði,
Ólafur Kjartansson, Vinstri grænum,
Brynjólfur Ingvarsson, Flokki fólksins,
Jónína Auður Sigurðardóttir, Flokki fólksins, skv. umboði,
Einnig mættu Hákon Hákonarson, Miðflokknum og Jakob Frímagnússon, Flokki fólksins, eftir klukkan 22:00.

4. Kjörgögn fóru að berast í Brekkuskóla upp úr klukkan 18:30 sem hér segir:

Kl. 18:37 skiptikassar frá Akureyri, kjördeild I-X.

Kl. 19:00 frá Svalbarðsstrandarhreppi.

Kl. 20:03 skiptikassar frá Fjallabyggð og Dalvík.

Kl. 20:55 frá Hörgársveit.

Kl. 21:40 frá Grýtubakkahreppi.

Kl. 23:12 frá Eyjafjarðarsveit.

Kl. 00:23 lokakassar frá Fjallabyggð og Dalvík.

Kl. 00:53 frá Húsavík og Tjörmeshreppi.

Kl. 01:15 bárust síðustu lokakassar frá Akureyri, kjördeildum I-X, Hrísey og Grímsey.
Kl. 01:57 frá Vopnafirði, Langanesbyggð, Svalbarðshreppi, Norðurþingi kjördeildum III-V og Skútustaðahreppi, flutt af Björgunarsveitinni Vopna.
Kl. 02:00 frá Fljótsdalshreppi, Múlaþingi og Fjarðabyggð, flutt með Norlandair frá Egilsstöðum. Þar með voru öll kjörgögn komin í Brekkuskóla.

5. Eftirtalin utankjörfundaratkvæði bárust beint til yfirkjörstjórnar:

Frá sýslumanninum í Reykjavík 981
Frá sýslumanninum á Norðurlandi 415
Frá yfirkjörstjórn Akureyrar 57
Bárust með flugi 4
Afhent á kjörstað 5
Samtals 1462

Af þeim voru 378 frá kjósendum á Akureyri þannig að þau voru afhent yfirkjörstjórn Akureyrar.

Alls bárust því 1.084 utankjörfundaratkvæði til yfirkjörstjórnar í Verkmenntaskólanum á meðan á kjörfundi stóð og yfirkjörstjórnarmenn komu með í Brekkuskóla klukkan 18:00.

Að auki bárust samtals 238 utankjörfundaratkvæði úr eftirtöldum kjördeildum:

Fjallabyggð, Akureyri, Grytubakkahreppi, Grímsey, Norðurþingi, Fjarðabyggð, Múlaþingi, Vopnafirði, Langanesbyggð og Svalbarðsstrandarhreppi.

Samtals bárust því 1.322 utankjörfundaratkvæði beint til yfirkjörstjórnar en af þeim reyndust 22 ógild, ýmist vegna þess að fólk hafði kosið tvisvar, kosið á kjörfundi, fylgigögn vantaði eða viðkomandi var ekki á kjörskrá í kjördæminu.

Alls fóru því 1.300 utankjörfundaratkvæði sem bárust beint til yfirkjörstjórnar í talningu.

6. Yfirkjörstjórn kom tvisvar saman til fundar aðfaranótt sunnudagsins 26. september ásamt umboðsmönnum framboðanna til að úrskurða um vafaatkvæði, fyrst klukkan 01:00 og aftur klukkan 8:30 en vafaatkvæði voru aðeins 8. Þrjú voru úrskurðuð gild, tvö ógild en umboðsmaður Sósíalistaflokksins gerði ágreining vegna hinna þriggja, sjá nánar lið nr. 13.

7. Talningu lauk klukkan 9:20.

Endanleg tala kjósenda á kjörskrá var 29.847.

Alls greiddu 24.180 atkvæði, 18.314 á kjörstað og 5.866 kusu utankjörfundar. 4.566 utankjörfundaratkvæði skiluðu sér beint í heimakjördeild viðkomandi kjósenda og 1.300 utankjörfundaratkvæði bárust beint til yfirkjörstjórnar, eins og að framan greinir.

Kjörsókn var 81,0%. Gildir seðlar voru 23.536 eða 97,3% af greiddum atkvæðum og auðir og ógildir 644 eða 2,7%.

Atkvæði skiptust þannig:

B-listi Framsóknarflokks 6.016 eða 25,6%

C-listi Viðreisnar 1.263 eða 5,4%

D-listi Sjálfstæðisflokks 4.346 eða 18,5%

F-listi Flokks fólksins 2.026 eða 8,6%

J-listi Sósíalístafllokks Íslands 954 eða 4,1%
M-listi Miðflokksins 2.092 eða 8,9%
O-listi Frjálslynda flokksins 78 eða 0,3%
P-listi Pírata 1.256 eða 5,3%
S-listi Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands 2.465 eða 10,5%
V-listi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 3.040 eða 12,9%
Auðir seðlar 596.
Ógildir seðlar 48.

8. Skýrsla send til Hagstofu klukkan 9:34.
Skýrsla send til landskjörstjórnar klukkan 14:10.

9. Allir kjörseðlar settir í kjörkassa sem var læst og geymdir í læstum talningarsal í Brekkuskóla þar til fundi var fram haldið kl. 13:00. Formaður yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis varðveitti lykilinn að salnum og kjörkössunum en húsið var vakt af húsverði og öryggismyndavélum. Yfirkjörstjórnarmenn yfirgáfu húsið um kl. 10:00.

10. Gengið var frá kjörkössum til flutnings sem og öðru tilheyrandi undirkjörstjórnnum. Íslandspóstur mun sækja þau gögn í Brekkuskóla á mánudagsmorgun. Akureyrarbær fær sín kjörgögn, þ.e. lykila og fundargerðabækur á morgun. Kjörkassar Akureyrarbæjar verða notaðir undir kjörseðla, bæði ónotaða og notaða sem og önnur kjörgögn þar til heimilt er að eyða þeim skv. lögum. Lögreglan sótti kjörgögnin en þau verða varðveitt í fangaklefa nr. 1 í fangelsinu á Akureyri og formaður yfirkjörstjórnar mun varðveita lykilinn að fangaklefanum og kjörkössunum.

11. Ekki var hægt að fara yfir breytta kjörseðla þar sem endurtalning fer fram í Norðvesturkjördæmi í dag. Yfirkjörstjórn mun hittast til að yfirfara þá þegar röðunartölur framboða liggja fyrir. Skýrsla fyrir Hagstofu vegna aldursgreiningar verður unnin og skilað fyrir 5. október, sem og skýrsla um veitta aðstoð á kjörfundi. Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis fól starfsmanni yfirkjörstjórnar að hafa yfirumsjón með því verki.

12. Yfirkjörstjórn þakkar starfsfólki sem og öðrum sem komu að undirbúningi kosninganna fyrir vel unnin störf. Veitingar voru frá Snæbirni Kristjánssyni, matreiðslumeistara og Mat og mörk. Einnig er starfsmönnum Brekkuskóla þökkuð öll aðstoð og jákvæðni sem og frábær aðbúnaður. Að síðustu er Íslandspósti, lögreglu, Björgunarsveitinni Vopna sem og Norlandair þökkuð ómetanleg aðstoð.

13. Jóhann Ólafur Sveinbjarnarson, umboðsmaður Sósíalístafllokksins gerði ágreining vegna vafaatkvæða, sbr. lið nr. 6. Kl. 01:00 vegna atkvæðis sem greitt var á kjörfundi en þar hafði kjósandi fyllt reitinn fyrir framan J með rauðum lit. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt.

Jóhann Ólafur skilaði af sér svohljóðandi andmælum:

„Með vísan í 100. gr. kosningalaga skal dæma atkvæði ógilt ef:

d) áletrun er á kjörseðli fram yfir það sem fyrir er mælt eða annarleg merki sem ætla má að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan.

Málavextir: Atkvæði greitt J-lista er dæmt ógilt þar sem kassinn er fylltur út með rauðum penna. Engir aðrir hnökrar voru á seðli.

° Að dæma ógilt þar eð rauður penni er notaður í stað blýants er ómálefnalegt því að hræðsla við Covid getur ýtt fólki til þess að nota eigin skriffæri.

° Að nota rauðan penna í stað blýants getur ekki talist vera af ásettu ráði til að auðkenna seðil.

° Kjósendur Sósíalistaflokksins voru hvattir til að skila rauðu, það er hægt að skilja bókstaflega.

- Auk þess er algengt að fylla út í reit til þess að svara krossaspurningu.

Með vísan í 101. grein skal ekki dæma atkvæði ógilt nema ef augljóslega komi í bága við lið í 100. gr. Mikilvægt er að við úrskurð á vafatílfellum að leggja áherslu á vilja kjóсандans.

Atkvæðið skal því meta gilt.

- Jóhann Ólafur Sveinbjarnarson, umboðsmaður J-lista.
- sími 663-9296
- netfang: jos67@hi.is“

Klukkan 8:30 var úrskurðað um tvö utankjörfundaratkvæði sem yfirkjörstjórn mat ógild. Á annað þeirra var ritaður bókstafur sem yfirkjörstjórn taldi ómögulegt að greina hver væri svo óyggjandi væri og á hitt var stimplað J og að auki ritað orðið „Auður“ á seðilinn með penna. Jóhann Ólafur skilaði eftirfarandi mótrökum:

„1) Auður Traustadóttir er fbj. J-lista í NA-kjd og því ber ekki að ógilda atkvæði merkt J og nafninu Auður.

2) bókstafur sem má með einhverju móti lesa sem F er mun líkari J og ber því að úrskurða til J-lista. Sbr. líkindi með bókstöfunum D og O, en oftast hægt að sannfæra sig um að annanhvorn stafinn D eða O er að ræða.

- Jóhann Ólafur Sveinbjarnarson, s. 663-9296, jos67@hi.is“

Umræddir ágreiningsseðlar voru settir í umslög og verða sendir ráðuneytinu, ásamt eftirriti fundargerðarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið sunnudaginn 26. september 2021 kl. 16:00.

Starfsmanni yfirkjörstjórnar var falið að ganga frá fundargerðinni sem hefur verið yfirfarin af yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis. Verður hún undirrituð á morgun, mánudag eða þegar yfirkjörstjórn getur komið saman til að yfirfara yfirstríkanir og breytta atkvæðaseðla.